



Laufréttid

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

17. árg. 2008 4. tbl.

Afmælisferð til Noregs

**Afmæli Skógræktarfélags
Neskaupstaðar**

**Jón Geir Pétursson lætur af
störfum hjá
Skógræktarfélagi Íslands**

**Skógræktarfélag Borgarfjarðar
70 ára**

Trjákvöðla sem gigtarmedal

**Einars vaka Benediktssonar á
Elliðavatni**

Flóra í Reykjavík

**Svipmyndir af vettvangi
skógræktar**

Útikennsla í Hólaskógi

**Fulltrúafundur
skógræktarfélaganna haldinn
á Skógum**

**Málþing
um útivist og skógrækt**

Hæsta birki á Íslandi

**Skógræktarfélag Garðabæjar
20 ára**

Jólamarkaður að Elliðavatni

**Hálsaskógur opnaður sem
Opinn skógur**

Barnahornið



Jólaskógur Skógræktarfélags Íslands er í Brynjudal í Hvalfirði og má finna þar mörg falleg jólatré (Mynd: EG).



Skógræktarfélag Hafnarfjarðar er eitt þeirra félaga sem selur tré á aðventunni, í Selinu við Kaldárselsveg í Hafnarfirði (Mynd: RF).

Jólaskógar skógræktarfélaganna

Á aðventunni taka skógræktarfélög víða um land á móti fólki í skóginum til þess að velja og fella eigið tré. Hefur það notið vaxandi vinsælda ár frá ári, enda er slík heimsókn upplagt tækifæri fyrir fjölskylduna, vinahópin eða vinnufélagana til að hittast, skemmta sér og stunda heilbrigða útiveru. Íðulega kemur fólk ár eftir ár þegar það hefur einu sinni prófað heimsókn í skóginum og er það orðin jólahefð hjá mörgum.

Einnig selja ýmis skógræktarfélög beint felld tré, en auk þess fást íslensk jólatré frá skógræktarfélagunum hjá ýmsum smásöluaðilum og hefur meðal annars verið unnið markvisst að aukinni hlutdeild íslenskra trjáa í samvinnu við Blóma-val/Húsasmiðjuna. Undanfarin ár hafa íslensk jólatré verið rúm 20% af heildarfjölda trjáa og þar af hafa um 2/3 komið frá skógræktarfélagunum. Erfitt hefur lengi vel verið fyrir íslensku trén að keppa við ódýran fjöldaframleiddan þín, auk þess sem enn eimir af áróðri fyrri áratuga um betri gæði erlendu trjáanna. Staðreyndin er hins vegar sú að íslensku trén eru eðalvara. Þau eru mun vistvænni - engin eiturefni eru notuð við framleiðslu þeirra og styttri flutningsleiðir þeirra þýða mun minni útblástur og mengun samfara flutningi. Að auki styrkja tekjur af sölu þeirra skógræktarstarfið í landinu. Fyrir hvert selt jólatré geta skógræktarfélögin gróðursett 30-40 ný tré, auk þess sem tekjurnar nýtast í uppbyggingu aðstöðu á útivistarsvæðum félaganna.

Það er því öllum í hag að velja íslenskt jólatré.



Að velja eigið jólatré í skóginum er eitthvað sem öll fjölskyldan getur gert saman (Mynd: Daniel Bergmann).

Afmælisferð til Noregs

Skógræktarfélag Íslands hefur um margra ára skeið staðið fyrir kynnis- og fræðsluferðum til annarra landa. Rætur þessara ferða teygja sig langt aftur í tíma. Árið 1948 kom Reidar Bathen, fylkisskógræktarstjóri í Troms, hingað til lands og dvaldist hér í fjórar vikur. Skömmu áður en hann hélt heim á leið hitti hann Thorgeir Anderssen-Rysst, sendiherra Noregs á Íslandi og Valtý Stefánsson, formann Skógræktarfélags Íslands. Í samræðum þeirra kom fram sú hugmynd að efna til kynnisferðar ungs fólks frá Íslandi til Tromsfylkis í Noregi og fólks þaðan hingað. Var ætlunin með því að efla kynni frændþjóðanna og gera báðum þjóðum gagn, þar sem unga fólkið myndi vinna að skógræktarmálum á meðan á ferð þess stæði. Sérstaklega áttu Noregsfararnir að kynna sér skógræktarmál í Troms, þar sem veðurfari og landsháttum svipar töluvert til Íslands.

Það var svo 6. júní 1949 sem Íslendingarnir héldu af stað með flugi til Osló í Noregi og fluttu sama vél hóp Norðmanna til Íslands næstu nótt. Markar það upphaf hinna svokölluðu skiptiferða milli Noregs og Íslands, þar sem hópar frá löndunum tveimur komu og kynntu sér skóga og skógræktarmál, ásamt því að vinna eitthvað við skóg-

rækt. Voru slíkar ferðir farnar á 2-4 ára fresti næstu hálfa öldina, en seinasta eiginlega skiptiferðin var farin árið 2000. Breyting varð á skipulagi ferða Skógræktarfélagsins þremur árum fyrr, þegar staðið var fyrir ferð til Skotlands, en það var í fyrsta skipti sem félagið skipulagði almenna fræðsluferð, til annars lands en Noregs. Hefur það fyrirkomulag verið á ferðunum æ síðan, þar eru nú eingöngu fræðslu- og kynnisferðir opnar öllum áhugasömum og hafa verið skipulagðar ferðir árlega frá 2005. Farið hefur verið víða - til Alaska, Arkhangelsk, Austurríkis, Danmerkur, Finnlands, Írlands, Kamtsjatka í Síberíu, Noregs, Nýfundnaland, Skotlands og Sviss.

Næsta ár verða því 60 ár frá því Skógræktarfélag Íslands stóð fyrst fyrir kynnisferð skógræktaráhugafólks á erlenda grund. Í tilefni af þeim tíma-mótum er hafinn undirbúningur að afmælisferð árið 2009, sem að sjálf-sögu mun verða til fyrsta landsins sem heimsótt var, Noregs. Fyrirhuguð er vikuferð í byrjun september og er stefnan tekin á suðurhluta Noregs. Gert er ráð fyrir að skoða Oslomarka - Græna trefil Osló-borgar - og heim-sækja Norska skógarfræbankann (Det Norske Skogfrøverk) í Hamar, en að



Meðal þess sem Norðmenn gerðu í fyrstu skiptiferðinni til Íslands árið 1949 var að gróðursetja á Þingvöllum, þar sem sett voru niður um 1250 rauðgreni og 150 sitkagrenitré. Eins og sjá má hafa trén dafnað vel (Mynd: BJ).

öðru leyti er ekki búið að ganga endanlega frá dagskrá ferðarinnar.

Hægt er að skrá sig nú þegar á áhugalista fyrir ferðina og fá sendar upplýsingar um hana jafnharðan og

þær liggja fyrir. Skráning er á skrifstofu félagsins í síma 551-8150 eða í tölvupósti til skog@skog.is.

Í þessa ferð okkar, líkt og aðrar, gildir að fyrstur kemur, fyrstur fær.

Afmæli Skógræktarfélags Neskaupstaðar

Fimmtudaginn 28. ágúst hélt Skógræktarfélag Neskaupstaðar upp á 60 ára afmæli félagsins með hátíðahöldum í Hjallaskógi. Vel á þriðja hundrað manna mættu, gæddu sér á grilluðum pylsum í skóginum og nutu söng skólakórsins og góða veðursins, en blíðskaparveður var þennan dag.

Tólf stofnfélagar félagsins voru heiðraðir í tilefni afmælisins og mætti meirihluti þeirra í skógin til að veita heiðursskjölum viðtöku. Stefán Þorleifsson mælti fyrir hönd stofnfélaga og sagði meðal annars að líklega hafi bjartsýnustu menn ekki getað séð fyrir þann mikla árangur sem starf félagsins hefur borið síðast liðin sextíu ár.

Undirritaður var samningur milli Skógræktarfélagsins og Nesskóla um að

skólinn fengi lund í skóginum, sem skólinn má nota og útfæra eftir eigin höfði til hvers konar útikennslu. Er það von félagsins að þetta efli áhuga og vitund nemenda fyrir umhverfi sínu og náttúru og verði skemmtileg og góð viðbót við skólastarfið í Nesskóla.

Félaginu bárust einnig margar góðar gjafir og kveðjur, meðal annars ýmis tré, gljásýrena, garðahlynur, askur, hvítgreni og rauðhlynur, sem búið er að gróðursetja víðs vegar um skógin. Mikið starf hefur verið unnið í gerð göngustíga og annarrar aðstöðu undanfarin tvö ár og er skógurinn nú hið ákjósanlegasta útivistarsvæði. Norðfirðingar búa óvenju vel, því eins stórir og vöxtulegir skógar og Hjallaskógur, eru ekki algengir í fjarðalandslaginu hér á landi.



Stofnfélagar Skógræktarfélags Neskaupstaðar. F.v. Stefán Þorleifsson, Haukur Ólafsson, Jón S. Einarsson, Kristín Lundberg, Ásdís Ólsen, Lilja Bjarnadóttir, Unnur Jóhannsdóttir og Unnur Bjarnadóttir (Mynd: Skógræktarfélag Neskaupstaðar).



Afmælishátíðin í Hjallaskógi var vel sótt, enda blíðskaparveður (Mynd: Skógræktarfélag Neskaupstaðar).



Jón Geir (t.v.) þakkar fyrir móttökur í Raivola-skógi, í ferð Skógræktarfélags Íslands til St. Pétursborgar og Arkhangelsk árið 2006 (Mynd: RF).

Jón Geir Pétursson lætur af störfum hjá Skógræktarfélagi Íslands

Jón Geir Pétursson skógræðingur lét af störfum hjá Skógræktarfélagi Íslands í haust, þegar hann hóf störf á skrifstofu stefnumótunar og alþjóðamála hjá umhverfisráðuneytinu. Þetta eru töluverð viðbrigði fyrir félagið þar sem Jón Geir var með næst lengsta starfsaldur hjá félaginu, en hann kom fyrst til starfa 1989, sem sumarstarfsmaður.

Hefur hann starfað hjá félaginu síðan, en þó með námshléum bæði í Svíþjóð, Noregi og í Afríku. Jón Geir hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum hjá félaginu í gegnum tíðina. Aðalstarfi hans hefur fólgið í ýmsum verkefnum í samstarfi við aðildarfélög skógræktarfélagsins, bæði sem lýtur að félagslegum þáttum og ræktunarlegum. Einnig má nefna ýmis verkefni í gegnum tíðina, svo sem fyrirlestra og námskeiðahald, ýmis konar rannsóknar- og þróunarstarf, verkstjórn „Skógrækt í sátt við umhverfið“ leiðbeininganna, umsjón ýmissa verkefna svo sem Landgræðsluskóga, Opins skógar, Yrkjúsjóðs og skógræktarskipulagsverkefna, hann hefur verið fararstjóri í nokkrum utanlandsferðum Skógræktarfélagsins og sinnt ýmsum alþjóðasamskiptum, auk margvíslegra daglegra starfa á skrifstofu félagsins. Hann tók einnig við sem ritstjóri Laufblaðsins og Frækornsins árið 1997 og var það þar til hann hætti nú í haust.

Skógræktarfélag Íslands þakkar Jóni Geir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og óskar honum velfarnaðar í nýju starfi.

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags Íslands



Laufblaðið

Fréttablað, 17. árgangur 4. tölublað 2008.
Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til
allra félagsmanna í skógræktarfélagunum.
Með því að gerast
félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú
Laufblaðið og
Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir.
Ábendingar og upplýsingar varðandi
efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:

Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2008:

Magnús Gunnarsson formaður,
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður,
Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri,
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari.

Meðstjórnendur:

Gísli Eiríksson
Gunnlaugur Claessen
Þuríður Yngvadóttir.

Varamenn:

Páll Ingþór Kristinsson
Rannveig Einarsdóttir
Vilhjálmur Lúðvíksson.

Allir lesa Laufblaðið!





Fjölmenni var á fundinum. Guðbrandur Brynjúlfsson fundarstjóri í pontu (Mynd: BJ).

að hanna verkið og hönnuður Vegagerðarinnar væri nýkomin úr barneignarfríi. Guðmundur hringdi í snarhasti í hönnuðinn og bað um fund. Ungi hönnuðurinn hélt á hvítvoðungi á armi og sagði að hún hefði engan tíma þar sem hún væri að fara í frekara frí og upptekin við að sinna barnaupveldinu, en verkið gæti tekið mánuði. Bauð þá Guðmundur hið snarasta að hann skildi sinna barnapössun meðan hún væri að klára teikninguna enda alvanur því. Hönnuðurinn varð eitt stórt spurningarmerki og var fátt um svör á þeim bæ. Tveim dögum síðar hringdi þessi unga kona í Guðmund og sagði planið tilbúið. Taldi Guðmundur að hún hefði síst viljað taka þá áhættu að láta hann passa og ákveðið að hraða verkinu. Allt gekk þetta svo upp fyrir liðsinni og tilstilli allra aðila.

Skógræktarfélag Borgarfjarðar var stofnað 5. nóvember 1938 og hefur frá upphafi verið eitt af öflugustu aðildarfélögum Skógræktarfélags Íslands. Félagið hefur umsjón með á annan tug svæða. Þar á meðal er eignarland á Grímsstöðum er félaginu var afhent við stofnun þess. Önnur svæði eru í

Skógræktarfélag Borgarfjarðar 70 ára

Skógræktarfélag Borgarfjarðar fagnaði 70 ára afmæli þann 23. nóvember síðast liðinn með samkvæmi sem haldið var í Alþýðuhúsinu í Borgarnesi. Um áttatíu manns mættu af þessu tilefni í kaffisamsæti sem félagið hélt og voru þar á meðal margir félags- og stjórnarmenn sem stutt hafa félagið með ráð og dáð um áraraðir. Samkomunni stjórnaði Guðbrandur Brynjúlfsson, gjaldkeri Skógræktarfélagsins, auk Sigríðar Júlíu Brynleifsdóttur varaformanns þess. Framkvæmdastjóri félagsins, Friðrik Aspelund, rakti í stórum dráttum sögu þess og núverandi starfsemi, sem hefur farið vaxandi undanfarin ár. Þá færði

Magnús Gunnarsson formaður Skógræktarfélags Íslands félaginu kveðjur og heillaóskir. Skógræktarfélag Borgarfjarðar heiðraði svo sérstaklega þrenn hjón sem hafa unnið ómetanlegt starf fyrir félagið um áratugaskeið. Voru það Gyða Bergþórsdóttir og Guðmundur Þorsteinsson, en Guðmundur var formaður félagsins um árabil, Hanna V. Sigurðardóttir og Ragnar Olgeirsson, en Ragnar var einn af stofnendum félagsins og var á stofnfundinum, auk þess að vera formaður félagsins um árabil og hjónin Svava Halldórsdóttir og Ágúst Árnason, en Ágúst var lengi í stjórn félagsins, auk þess að vera skógarvörður í Skorradal

í áratugi. Afhenti Sigríður Júlía þessu ágæta fólki sérstakt viðurkenningarskjal.

Í þakkarávarpi sagði Guðmundur frá skemmtilegum atvikum í aðdraganda verkefnisins Opinn skógur í Daníelslundi. Þurfti að hafa hraðar hendur á svo hægt væri að opna á tilsettum tíma. Gekk Guðmundur á fund Vegagerðarinnar og bauð samstarf. Var þá spurt hvernig skiptingin ætti að vera. Svaraði Guðmundur að bragði að félagið útvegaði aðstöðuna en Vegagerðin greiddi kostnaðinn. Var fátt um svör en Guðmundi komið í skilning um að slík plön þyrftu langan aðdraganda, meðal annars þyrfti

eigu einka- eða opinberra aðila og um þau hefur félagið gert langtímasamninga. Félagið er þátttakandi í verkefninu Opinn skógur en Daníelslundur var fyrsta svæðið sem var opnað sem slíkt. Þá má geta þess að á vegum félagsins er Aldamótaskógur í Reykholti, sem gróðursettur var í tilefni síðustu aldamóta, einn af fimm slíkum á landinu. Nú hefur nýlega verið gert samkomulag við Borgarbyggð um aðkomu Skógræktarfélags Borgarfjarðar að framtíðar uppbyggingu og ræktun á Einkunnum en það svæði er hugsað sem Grænn trefill umhverfis þéttbýlið í Borgarnesi.



Þrenn hjón voru heiðruð fyrir störf sín fyrir félagið. F.v. Guðmundur Þorsteinsson og Gyða Bergþórsdóttir, Hanna V. Sigurðardóttir og Ragnar Olgeirsson og Svava Halldórsdóttir og Ágúst Árnason (Mynd: BJ).



Magnús Gunnarsson formaður Skógræktarfélags Íslands færir Sigríði varaformanni Skógræktarfélags Borgarfjarðar vænlegan blómvönd í tilefni afmælisins (Mynd: BJ).

Trjákvøða sem gigtarmeðal

Laufblöðungur sat fund Evrópu-samtaka skógræktaraðila í Austurríki í haust þar sem sátu fulltrúar 10 Evrópuþjóða. Einn dagur fór að venju í skoðunarferð og höfðu Austurríkismenn lagt upp með að sýna okkur óhefðbundnar hliðar skógræktar. Einn áfangastaður var heimsókn til skógareiganda sem hafði lifibrauð af því að „mjólka“ svartfuruna (*Pinus nigra*) sem vex víða í fjöllum Austurríkis. Já, hljómar kannski dálítið fjarstæðukennt. En þetta gengur út á að safna trjákvøðunni. Notkunin er aðallega í smyrsl sem framleitt er fyrir gigtarsjúklinga (virka mjög vel að sögn) en auk þess nota snyrtivöruframleiðendur kvøðuna sem íblöndunarefni í krem og smyrsl í ýmis konar. Uppskerutíminn er sumartíminn og fram á haust þegar starfsemin er sem mest í trénu. Gengið er skipulega til verks og byrjað á að fletta berkinum af neðarlega á stofninum. Ristar eru raufar sem beina trjákvøðustraumnum niður að skurðpunkti þar sem komið er fyrir söfnunarfláti. Fyrstu tvo dagana mjólkast mest og er það flokkað sem fyrsti flokkur. Eftir það kemur seigari kvøða sem skafin er af í lokin. Allt að þrjár vikur líða þar til næsta umferð er tekin um 70-80 sm ofar og svo koll af kolli. Oft er haldið áfram nokkra metra upp eftir



Austurríkismenn segja frá uppskeruferlinu. Eigandinn er í svantu enda kvøðan klístruð og ekki gott að fá hana í fót (Mynd: BJ).

stofninum og getur það tekið þrjú ár. Þá er beðið eitt, tvö eða þrjú ár og byrjað aftur á hinni hliðinni.

Hér er byggt á langri reynslu og

þrátt fyrir að á myndunum virðist gengið harkalega að trénu er furan fljót að jafna sig. Viðurinn af trjám sem mjólkuð eru á þennan máta er

líka mjög eftirsóknarverður og hægt að selja á herra verði en gengur og gerist.



Búið að tappa af svartfurunni í tvígang (Mynd: BJ).



Fyrsta flokks trjákvøða er notuð til að slá á gigt sem hverfur eins og döggr fyrir sólu að sögn heimamanna (Mynd: BJ).



Svartfuru-„kýr“ í skógi (Mynd: BJ).

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Aflbinding ehf, Viðarrima 25
 Athygli ehf, Síðumúla 1
 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,
 Stuðlahálsi 2
 Brim hf, Bræðraborgarstíg 16
 BSR ehf, Skógarhlíð 18
 Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf,
 Borgartúni 31
 Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
 Efling stéttarfélag, Sætúni 1
 Eyfir fjárfestingafélag ehf, Skólavörðustíg 13
 G Hannesson ehf, Borgartúni 23
 Garðmenn ehf, Skipasundi 83
 Gjögur hf, Kringlunni 7
 Hár ehf, Kringlunni 7
 Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
 Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
 Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9
 Ísól ehf, Ármúla 17
 Kjörgarður, Laugavegi 59
 KOM almannatengsl, Borgartúni 20
 KPMG hf, Borgartúni 27
 Karl Eiríksson
 Lagnafélagið ehf, Tjarnargötu 10c
 Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
 Lífstykkiabúðin ehf, Laugavegi 82
 Lögreglustjórinn á
 höfuðborgarsvæðinu, Hverfisgötu 115
 Löndun ehf, Kjalarvogi 21
 Nexus affreyning ehf, Hverfisgötu 103
 Oddgeir Gylfason, tannlæknir, Síðumúla 28
 Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
 Reykjavíkurborg
 Reykjavíkurborg/ Umhverfis- og
 samgöngusvið, Ráðhúsinu
 Ríkisendurskoðun, Skúlagötu 57
 Smith og Norland hf, Nóatúni 4
 Tannálfur sf, Kjalarlandi 22
 Tannvernd ehf, Síðumúla 28
 Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3
 Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9
 VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
 Þ Þorgrímsson og Co ehf, Ármúla 29

Seltjarnarnes

Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
 Byggðapjónustan ehf, Auðbrekku 22

Gæðaflutningar ehf, Krossalind 19
 HJÁ verktakar ehf, Álfkonuhvarfi 53
 Smári Guðmundsson
 skráðgarðyrkjumeistari, Þinghólsbraut 1

Garðabær

Engilbert ÓH Snorrason
 tannlæknastofa sf, Garðatorgi 3
 Hurðaborg ehf, Sunnuflöt 45
 Raftækniþjónusta Trausta ehf, Lyngási 14

Hafnarfjörður

Fura málmendurvinnslan ehf, Hringhelli 3
 Hafnarsport.is, Fornubúðum 8
 Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
 Hlaðbær-Colas hf,
 malbikunarstöð, Gullhelli 1
 Lerkiverktakar ehf, Skúlaskeiði 26
 Polarolje, sími 6987999, Heiðvangi 26
 Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64

Álftanes

Sveitarfélagið Álftanes, Bjarnastöðum

Reykjanesbær

Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36
 Íslenska félagið ehf, Iðavöllum 7a
 Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
 Samband sveitarfélaga á
 Suðurnesjum, Iðavöllum 12
 Toyota, Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19

Grindavík

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a

Garður

Gunnar Hámundarson ehf, Urðarbraut 2

Mosfellsbær

Freki ehf, Brekkutanga 27
 Ingimundur Magnússon ehf, Breiðafit
 Kjósarhreppur www.kjos.is, Ásgarði

Akranes

Grunnskólinn, Espigrund 1
 Skógræktarfélag Akranness, Furugrund 28
 Skógræktarfélag
 Skilmannahrepps, Furugrund 28
 Straumneshf,
 rafverktakar, Krókatúni 22-24

Borgarnes

Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri
 Laugaland hf, Laugalandi
 Margrét Guðjónsdóttir, Dalsmynni
 Skorradalshreppur, Grund

Stykkishólmur

Málflutningsstofa
 Snæfellsness ehf, Aðalgötu 2

Hellissandur

Skógræktar og landverndarfélag undir Jökli

Reykhólahreppur

Reykhólahreppur, Maríutröð 5a

Ísafjörður

Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7
 Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi
 Skógræktarfélag
 Ísafjarðar, Seljalandsvegi 38

Bolungarvík

Agnes M Sigurðardóttir, Völusteinsstræti 16
 Bókasafn Bolungarvíkur, Höfðastíg 3

Patreksfjörður

Skógræktarfélag Patreksfjarðar, Sigtúni 7

Blönduós

Blönduósibær, Hnjúkabyggð 33

Sauðárkrókur

Skagafjarðarveitur ehf, Borgarteigi 15
 Sveitarfélagið
 Skagafjörður - Ráðhús, Faxatorgi 1

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði
 Álftagerðisbræður ehf, Álftagerði

Siglufjörður

Egilssíld ehf, Gránugötu 27
 Skógræktarfélag Siglufjarðar, Hafnartúni 2

Akureyri

Kjarnafæði hf, Fjölningstötu 1b
 Raftákn ehf, Glerárgötu 34
 Skógræktarfélag Eyfirðinga,
 Kjarnaskógi
 Tannlæknastofa Árna Páls
 Halldórssonar, Mýrarvegi
 Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f

Dalvík

Promens Dalvík, Gunnarsbraut 12

Ólafsfjörður

Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

Laugar

Þingeyjarsveit, Kjarna

Kópasker

Vökvaþjónusta Eypórs ehf, Bakkagötu 6



Andri Snær Magnason fangar athygli áheyrenda með hugrenningum um Einar Ben (Mynd: Skógræktarfélag Reykjavíkur).



Svala Arnardóttir (t.h.) og Þórdís Hauksdóttir, afkomendur Einars, túlka hugrenningar formæðra sinna (Mynd: Skógræktarfélag Reykjavíkur).

Einars vaka Benediktssonar á Elliðaavatni

Þann 1. nóvember síðast liðinn stóð Skógræktarfélag Reykjavíkur ásamt Orkuveitu Reykjavíkur fyrir dagskrá um Einar Benediktsson í Gamla salnum, húsakynnum félagsins á Elliðaavatni. Þar stendur enn húsið þar sem skáldið fæddist og ólst upp til 12 ára aldurs, en það var faðir hans, Benedikt Sveinsson lögmaður og þingmaður, sem lét hlaða húsið árið 1862 og bjó á Elliðaavatni um hríð. Húsinu var síðar breytt í hlöðu, byggt við það fjós og nýtt íbúðarhús úr timbri, þar sem nú eru skrifstofur Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Einarsvakan tókst með eindæmum vel. Hátt á annað hundrað manns mættu og var þétt setið í báðum söllum. Halldór Guðmundsson rithöfundur kynnti og stjórnaði vökunni. Unnur Jökulsdóttir kynningar- og fræðslustjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur og Kristinn H. Þorsteinsson deildarstjóri Orkuveitunnar fluttu stutt ávörp. Fyrsta erindið hélt Guðjón Friðriksson sagnfræðingur og ævisagnaritari Einars, en hann hefur sem kunnugt er gert ævi Einars skil í þremur þykkum bindum. Hann talaði um ár fjölskyldunnar á Elliðaavatni og sögu jarðarinnar. Þá kom Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur og gerði grein fyrir ævisögulegum kveðskap Einars. Silja fór á kostum og útskýrði hvað býr að baki Einræðum Starkaðar og hvernig Einar dulbýst þar sem Starkaður og er fullur efasemda um líf sitt. Henni til halds og traust var Benedikt Erlingsson leikari sem flutti Einræðurnar á svo áhrifaríkan hátt að það var sem heyra mætti Einar Ben hugsa.

Þá kom rithöfundurinn Andri Snær Magnason og fór mikinn á hugarflugi

um hver Einar hefði verið í dag og hvort draumar hans hefðu gengið eftir. Að lokum stigu á stókk afkomendur Einars, þær Svala Arnardóttir og Þórdís Hauksdóttir, en þær eru báðar meðlimir „Svarta túlípanans“, en það eru konur úr ætt Einars sem hittast og rifja upp sögur af formæðrum sínum. Þær Svala og Þórdís fluttu hugrenningar formæðra sinna


í skálduðum bréfum; afskaplega fallegur og náinn flutningur. Eftir stuttar umræður fluttu tveir meðlimir hljómsveitarinnar Sprengjuhallarinnar, þeir Bergur Ebba Benediktsson og Snorri Helgason, frumsamið lag um Einar Ben með skemmtilegri kynningu þar sem Bergur Ebba velti fyrir sér hinni gífurlegu fræð Einar.

Skógræktarfélaginu bárust margar

kveðjur og þakkir fyrir atburðinn og var það einróma álit fólks að þau hefðu orðið margs vísari um þennan stórbrotna einstakling sem þjóðin dáði og lifað hefur áfram í ljóðum sínum. Því er ljóst að áhuginn á Einari Ben er mikill og nauðsynlegt er að gera honum skil með fleiri viðburðum.

Flóra í Reykjavík

Á vef Umhverfissviðs Reykjavíkur má finna áhugaverðar skýrslur um flóru nokkurra svæða í Reykjavík; Elliðaárdals, friðlandsins í Vatnsmýrinni, Grafarvogs og Kálfamóa (sem er í landi Keldna og Grafar). Skýrslurnar eru allar eftir Jóhann Pálsson, fyrrverandi garðyrkjustjóra Reykjavíkur. Í þeim má finna stutt sögulegt yfirlit um gróðurfar á þessum svæðum og upptalningu á þeim tegundum gróðurs sem þar finnast. Er mjög áhugavert að lesa hversu fjölbreytt flóran er og hvaða áhrif byggðin hefur haft á tegundafjölda og samsetningu. Til að nálgast skýrslurnar er farið á vef Umhverfissviðsins (www.umhverfissvid.is), valið *Útgáfa* undir dálknum *Hvað viltu vita?* hægra megin á síðunni og þar eru skýrslurnar undir *Náttúra og útivist*.






haldinn með nýju sniði á árinu. Í stað eins fundar í fundurinn var haldinn á Hótel Hamri í Borgarfirði og Vesturlandi, höfuðborgarsvæðinu og einu norðlensku



Skógræktarfélag Reykjavíkur hóf samkeppni um Tré mánaðarins í Reykjavík. Ætlunin er að velja mánaðarlega eitt tré í Reykjavík yfir eitt ár. Fyrsta Tré mánaðarins var valið í júní og var það gullregn í garði við Sólvallagötu 4 (Mynd: Skógræktarfélag Reykjavíkur).



Skógræktarfélagið á höfuðborgarsvæðinu hafa í áraraðir staðið fyrir göngum á Græna treflinum. Hér sýnir Guðríður Helgadóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands, göngufólki eina af lágplöntunum sem mynda skóginn ásamt trjánum (Mynd: RF).



Víða um land leynast gamlir skógarreitir með vöxtulegum trjám, sem fáir utanaðkomandi vita ef til vill af. Um marga reiti gildir að trén hafa iðulega sprottið betur en gróðursetjarar fyrir áratugum héldu og eru skógarnir fyrir vikið stundum heldur ógreiðfærir vegna þess hve þétt trén í þeim standa. Með passlegri grisjun má opna skógana fyrir almenningi og koma þá oft ýmsar dásemdir í ljós innan þeirra. Hér má sjá fallegan skógarlæk í Háafellsreit í Skorradal (Mynd: RF).



Skógurinn að Akurgerði í Öxarfirði var opnaður sem Opinn skógur í júlí. Gestir af öllum aldri nutu þar fjölbreyttar dagskrár í blíðskaparveðri (Mynd: BJ).

Útikennsla í Hólaskógi

Hólar í Hjaltadal er einn af sögufrægari og fegurri stöðum landsins. Þar er stór og mikill skógur sem býður upp á marga möguleika til að njóta náttúrunnar. Þar er gott tjaldstæði og mikið af skemmtilegum gönguleiðum á merktum stígum. Hólaskógur er mikið notaður af nemendum Háskólans á Hólum þar sem nokkur verkefni í tengslum við ferðamálabraut eru unnin í skóginum. Eitt af þeim verkefnum er göngustíga-gerð þar sem nemar á fyrsta ári í ferðamálafræði vinna við að gera göngustíga og þrep í skóginum. Þarna fá nemendur að æfa sig við kjöraðstæður og sjá hvernig best er að standa að vinnu í náttúrunni og nýta allt sem skógurinn hefur upp á að bjóða til að viðhalda og gera skógin góðan og aðgengilegan fyrir almenning.

Grunnskólinn á Hólum hefur einnig nýtt skógin mikið í sínu starfi og í vetur hefur verið lögð áhersla á að nýta skógin meira og færa hluta af fræðslu nemenda út í náttúruna. Síðastliðið sumar var gerð útikennslustofa að norski fyrirmynd í Hólaskógi sem grunnskólinn sá um að yrði gerð og hefur sú stofa verið notuð mikið af nemendum í vetur. Nemendur frá Hofsósi og Fljótum hafa komið hingað á sameiginlegum skógardegi



Ferðamálanemar búa til þrep (Mynd: Sólrún Harðardóttir).

þar sem dagskráin var að öllu leyti í skóginum. Hluti af skólanámsskrá grunnskólans er að mynda tengsl nemenda við samfélagið, efla umhverfismennt og ekki síst efla áhuga nemenda á útivist og þeirri upplifun sem tengslum við náttúruna fylgir. Lögð hefur verið

áhersla á að fá eldri kynslóð úr héraðinu til að miðla af reynslu sinni og kunnáttu. Útikennslustofan kemur þar vel að notum og fá börnin að læra um nærsamfélagið og náttúruna í náttúrulegu umhverfi.

Pórrður Ingi Bjarnason
Ferðamálafræðingur

Útikennslustofan (Mynd: Grunnskólinn á Hólum).



Setið við eldstæðið (Mynd: Grunnskólinn á Hólum).



Fundargestir hlýða á ávarp Magnúsar Gunnarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands (Mynd: RF).



Sigríður Jónsdóttir kynnir Skógræktarfélag Hrunamannahrepps, en það er félag innan Skógræktarfélags Árnesinga (Mynd: RF).

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna haldinn á Skógum

Eins og kom fram í 2. tölublaði Laufblaðsins í ár ákvað stjórn Skógræktarfélags Íslands að hafa nýtt fyrirkomulag á fulltrúafundum félagsins í ár. Í stað þess að halda einn stóran fund í Reykjavík, var ákveðið að halda svæðisbundna fundi um allt land.

Þriðji fulltrúafundur skógræktarfélaganna var haldinn á Skógum undir Eyjafjöllum laugardaginn 22. nóvember og voru fulltrúar skógrækt-

arfélaga af Suðurlandi og Suðurnesjum boðaðir á hann. Fundurinn hófst með ávarpi Magnúsar Gunnarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands, þar sem hann fór stuttlega yfir helstu viðfangsefni félagsins nú um stundir. Ólafur Eggertsson, oddviti Rangárþings eystra, flutti því næst ávarp þar sem hann fór yfir helstu þætti úr sögu Skóga og skóga þar í kring, ásamt því að ræða um stöðu skógræktar innan

sveitarfélagsins. Valborg Einarisdóttir, hjá Garðyrkjufélagi Íslands, hélt svo erindi um innlend efni í blómaskreytingar úr skóginum. Kom greinilega fram í erindi hennar að hægt er að nota mun meira af efni úr íslensku skógunum, heldur en hingað til hefur verið gert, þar sem flutt er inn til landsins mikið magn af efni, sem hæglega væri hægt að útvega innanlands. Að erindi Valborgar loknu kynntu skógræktarfélög

starfsemi sína, en mættir voru fulltrúar frá Skógræktarfélagi A-Skaftfellinga, Árnesinga og Rangæinga. Spunnust heilmiklar umræður í kjölfar þess. Í lok fundar fjallaði Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, um drög að aðgerðaáætlun um atvinnuskapandi verkefni, sem einnig varð töluverð umræða um.

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Þórshöfn

Langanesbyggð v/Nausts, Fjarðarvegi 3

Vopnafjörður

Mælifell ehf, Háholti 2

Egilsstaðir

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,
Einhleypingi 1

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Eskifjörður

Skógræktarfélag Eskifjarðar,
Lambeyrarbraut 6

Neskaupstaður

Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf,
Hafnarbraut 10
Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Höfn í Hornafirði

Hornabrauð ehf, Dalbraut 10
Skinney - Þinganes hf, Krossey

Öræfi

Félagsbúið Hnappavöllum 4,
Hnappavöllum 4

Selfoss

Búnaðarfélag Biskupstungna, Dalbraut 1
Búnaðarfélag Grafningshrepps,
Villingavatni
Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1
Grímsneshreppur og Grafningshreppur,
Stjórnsýsluhúsinu Borg
Hitaveita Frambæja, Skarði
Jötunn vélar ehf, Austurvegi 69
Selós ehf, Eyravegi 51
Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur,
Árnesi

Umhverfisdeild Árborgar, Austurvegi 2,
Ráðhúsi

Vélaverkstæði Þóris ehf, Austurvegi 69

Hveragerði

Eldhestar ehf, Völlum
Ficus ehf, Laufskógum 39

Hella

Árhús ehf, Rangárbökkum

Hvolsvöllur


Upplýsingamiðstöðin Hvolsvelli,
Hlíðarvegi 14

Kirkjubæjarklaustur

Skaftárhreppur, Klausturvegi 15

Vestmannaeyjar

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum



Ragnhildur Skarphéðinsdóttir kynnir tillögur að skipulagi útivistarsvæðisins á Smalaholti (Mynd: RF).



Barbara Stanzeit, gjaldkeri Skógræktarfélags Garðabæjar (2. f.v.) og Gunnar Einarsson, bærarstjóri Garðabæjar (t.h.), undirrita samstarfssamning milli Skógræktarfélagsins og Garðabæjar. Sigurður Þórðarson (t.v.) og Eysteinn Haraldsson (2.f.h.) votta (Mynd: RF).

Málþing um útivist og skógrækt

Í tilefni 20 ára afmælis Skógræktarfélags Garðabæjar hélt félagið málþing um útivist og skóga föstudaginn

28. nóvember 2008 í fyrirlestrarsal Fjölbautaskóla Garðabæjar.

Málþingið hófst með ávarpi Erlu Bil

Bjarnardóttur, formanns Skógræktarfélags Garðabæjar. Næst flutti Ragnhildur Skarphéðinsdóttir, landslagsarkitekt

hjá Hornsteinum Arkitektum, erindi er hún kallaði „Smalaholt er höllin – Hugmyndir að framtíðarsýn“, en þar fór hún yfir tillögur um göngustíga, áningar- og útivistarsvæði í Smalaholti, auk þess sem hún fjallaði um niðurstöður rannsóknar á náttúrutengdri útivist í Garðabæ. Að erindi Ragnhildar loknu undirrituðu Barbara Stanzeit, gjaldkeri Skógræktarfélags Garðabæjar og Gunnar Einarsson, bærarstjóri Garðabæjar, samstarfssamning milli Garðabæjar og Skógræktarfélagsins. Samningurinn er um víðtæka samvinnu um ræktun og umhirðu með skógræktar- og útivistarsvæðum í Garðabæ, sem eru í umsjón félagsins. Næstur tók til máls Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá. Erindi hans hét „Virði Heiðmerkur og annarra skóga Garðabæinga“. Fyrir Aðalsteinn þar yfir hin ýmsu gildi útivistarsvæða og skóga og sagði stuttlega frá rannsókn sem hafin er á virði Heiðmerkur (fjallað var um rannsóknina í 2. tölublaði Laufblaðsins 2008). Því næst fjallaði Ragnheiður Traustadóttir fornleifafraeðingur og aðjúnkt við Háskólann á Hólum um „Menningarlandslagið – hvers virði er það?“, þar sem hún fór almennt yfir þær gerðir fornleifa sem finnast hérlandis og sérstaklega um fornleifar sem fundist hafa í Garðabæ, en Ragnheiður hefur unnið töluvert að uppgrefti í Garðabæ. Seinastur á mælendaskrá var svo Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndarfélags Íslands, en erindi hans hét „Fuglar og útivist“. Í því taldi hann upp þá fugla sem finna má í Garðabæ og sagði stuttlega frá hverri tegund, en Jóhann Óli hefur, ásamt öðrum, framkvæmt fuglatalningar á svæðinu.

Að málþinginu loknu bauð svo Skógræktarfélag Garðabæjar upp á léttar veitingar, þar sem gestum gafst tækifæri á að ræða betur efni erinda og önnur landsins gagn og nauðsynjar.



Birki hérlandis hefur löngum þótt vaxa álíka mikið í aðrar áttir og upp, en getur líka teygst sig upp, eins og síðustu mælingar sýna (Mynd: JGP).

Hæsta birki á Íslandi

Staðið hefur yfir leit að hæstu trjám Íslands. Hefur meðal annars töluverður fjöldi birkitrjáa verið mældur, enda forvitnilegt að vita hversu hávaxið íslenska birkið getur orðið.

Síðustu áratugi hefur tré eitt í Vaglaskógi verið talið hæsta birkið, en það reyndist vera 13,2 m samkvæmt mælingu í haust. Hins vegar fannst annað tré í sama skógi sem reyndist vera herra, eða 13,4 m.

Í haust voru svo mæld tvö birkitré í Hallormsstaðaskógi sem reyndust hærri en trén í Vaglaskógi. Annað þeirra er

13,7 m hátt tré í trjásafninu og er gróðursett, upprunnið úr Bæjarstaðaskógi. Hitt tréð, sem er 13,96 m hátt, telst nú vera hæsta villta birkitré landsins.

Hvorugt trjáanna í Hallormsstaðaskógi er þó hæsta birkið á Íslandi. Sú nafnbót fellur í hlut birkis í Minjasafnsgarðinum á Akureyri, en það tré mælist 14,44 m hátt. Það var gróðursett fyrir um 100 árum og er að öllum líkindum upprunnið úr Vaglaskógi.

Unnið upp úr frétt frá Skógrækt ríkisins – www.skogur.is

Í tilefni tuttugu ára afmælis Skógræktarfélags Garðabæjar var haldið málþing föstudaginn 28. nóvember 2008, eins og fram kemur í frétt annars staðar í blaðinu.

Félagið var stofnað 24. nóvember 1988 og voru stofnfélagar 53, en í dag eru félagsmenn um 320. Skógræktarfélag Garðabæjar hefur frá upphafi verið félag fyrir alla fjölskylduna, með það megin markmið að stunda útivist og rækta skóg til skjóls og yndisauka.

Smalaholt norðan Víflsstaðavatns í landi Víflsstaða var fyrsta landspildan sem fékkst til skógræktar og var forsenda fyrir stofnun félagsins. Hrafnkell Helgason, þáverandi yfirlæknir, greiddi fyrir því að landið fékkst. Þess vegna er Smalaholtið okkur svo kært, en þar hefur ungskógur vaxið hægt í nær tvo áratugi, enda holtið rýrt og opið fyrir suðaustanáttinni. Nú er hinsvegar að skapast skjól á milli trjáanna, sem fólk nýtir sér í auknum mæli.

Smalaholtið hefur ýmsa sérstöðu umfram önnur útivistarsvæði í Garðabæ. Þar hófst t.d. landsátakið um Landgræðsluskóga 10. maí 1990, er frú Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti, gróðursetti fyrstu plönturnar efst á



Í tilefni þess að 15 milljón trjáplöntur höfðu verið gróðursettar innan Landgræðsluskógaverkefnisins var hátíðargróðursetning í Smalaholti. Hér standa (f.v.): Sigurður Blöndal, fyrrverandi skógræktarstjóri, Hulda Valtýsdóttir, fyrrverandi formaður Skógræktarfélags Íslands, Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og Sveinbjörn Dagfinnsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, en þau voru öll í fyrstu Landgræðsluskóganeindinni (Mynd: JFG).

Skógræktarfélag Garðabæjar

20 ára

holtinu ásamt fjölmenni; þingmönnum, fulltrúum sveitarstjórnar og skógræktarfélögum. Það verkefni blómstrar enn víða um land og var t.d. minnst í Smalaholti með viðhöfn sumarið 2005 þegar 15 milljónasta plantan var gróðursett þar.

Sérstaða Smalaholtsins liggur ekki hvað síst í því að í upphafi var öllum frjálsum félagasamtökum í Garðabæ, ásamt grunnskólunum, boðnar landspildur til skógræktar. Öll þáðu þau boðið, ásamt nokkrum fjölskyldum og hófu gróðursetningar sumrin 1988 og 1989. Það má því segja að í Smalaholti sam-einist öll félögin um verkefnið að koma saman, njóta útivistar og rækta skóg. Í nokkrum þessara reita eru nú komin upp borð og aðstaða til að hvílast og njóta útivistar. Í tilefni afmælisins hyggst skógræktarfélagið nú efla þessa aðstöðu til útivistar enn frekar og hefur fengið Hornsteina arkitekta ehf. til að teikna göngustíga, áningar- og útsýnisstaði í Smalaholti.

Auk Smalaholtsins eru umsjónarsvæði Skógræktarfélagsins fleiri, s.s. á Hnoðraholti þar sem nemendur skólanna hafa gróðursett plöntur frá Yrkju-sjóði og í Sandahlíð ofan Kjóavalla þar sem félagið lét gera skógræktarskipulag árið 1993, áður en ræktun hófst. Í Sandahlíð hefur félagið byggt upp grillaðstöðu og komið upp leiktækjum. Önnur skógræktarsvæði eru í Hádegisholti ofan Urriðavatns, í Tjarnholtum í Urriðavatnslandi og Leirdalur sunnan

Bláfjallavegar. Nú er svo komið að nær fullgróðursett er í umsjónarsvæði Skógræktarfélagsins, svo brýnt er að leysa landsvæði úr fjötrum, s.s. Leirdalinn frá óbyggðanefnd.

Félagsstarf er blómlegt. Á hverju

hausti hefur Skógræktarfélagið staðið fyrir vinsælum dagsferðum þar sem félagar hafa heimsótt og skoðað ræktun annarra skógræktarféлага, einstaklinga og gróðrarstöðva á Suður- og Vesturlandi. Auk þess hefur félagið staðið

fyrir jólatrjáasölu úr aðstöðu félagsins við gatnamót Víflsstaðavegar og Elliðavatnsvegar undanfarin ár.

Erla Bil Bjarnardóttir,
formaður Skógræktarfélags
Garðabæjar



Í sumum skógarreitum í Smalaholti eru ræktendur búnir að koma sér upp borðum og bekkjum til að geta notið útivistarinnar þar enn betur (Mynd: RF).



Á Hlaðinu á Elliðavatni var komið þetta fína markaðstorg, þar sem hægt var að kaupa eðal íslensk jólatré (Mynd: RF).

Jólamarkaður að Elliðavatni

Fyrir jólin 2007 stóð Skógræktarfélag Reykjavíkur í fyrsta skipti fyrir jólamarkaði að Elliðavatni í Heiðmörk. Í boði var ýmis konar íslenskt handverk, hönnun og nytjalist. Þótti markaðurinn takast svo vel að ákveðið var að endurtaka leikinn í ár. Sölubásur fjölgaði milli ára, auk þess sem sett var upp verkstæði í kjallaranum á Elliðavatnsbænum, þar sem efniviður úr skóginum var notaður í hinar fjölbreytilegustu skreytingar og mátti þar fá ýmsar góðar hugmyndir. Einnig voru margvíslegir viðburðir í gangi – upplestur, leikir og meira að segja brá fyrir jólasveinum!



Jólasveinar vekja alltaf athygli og kátínu meðal yngri kynslóðarinnar og ungra í anda (Mynd: RF).



Með smá hugmyndaflugi er hægt að búa til hinar listilegustu skreytingar úr efniviði úr skóginum – könglum, mosa, viði, spæni og laufblöðum (Mynd: RF).



Yngri kynslóðin skemmti sér vel yfir leiksýningunni Soffía Mús á tímaflakki (Mynd: BJ).

Hálsaskógur opnaður sem Opinn skógur

Laugardaginn 21. júní var Hálsaskógur við Búlandsnes á Djúpavogi, sem er í umsjá Skógræktarfélags Djúpavogs, opnaður formlega fyrir almenningi. Verkefnið Opinn skógur miðar að því að gera skógarsvæði skógræktarfélaganna í landinu aðgengileg almenningi. Hálsaskógur er níundi Opni skógurinn, en einnig var sá tíundi opnaður í sumar, í Akurgerði í Öxarfirði.

Á annað hundrað manns mættu á opnunina í skóginum. Kristján Þór Júlíusson alþingismaður opnaði skógin formlega með því að klippa á borða við hlið inn í skógin. Auk Kristjáns fluttu ávörp Björn Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps, sem flutti frumort ljód í tilefni dagsins og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands.

Sett hafði verið upp í skóginum myndlistarsýning leikskólabarna frá Djúpavogi, sem setti mjög skemmtilegan svip á skógin. Mátti þar sjá margt fallett og frumlegt. Börn og ungir í anda skemmtu sér svo vel við að fylgjast með leiksýningu leikhópsins Frú Norma, á leikritinu Soffía Mús á tímaflakki.

Kristján Þór Júlíusson, fyrsti þingmaður Norðausturkjördæmis, klippir á borða við nýtt hlið inn í Hálsaskóg og opnar þar með skógin formlega (Mynd: BJ).



Upprennandi listamaður sýnir verk sitt í skóginum (Mynd: BJ).



Gestir við opnun gæða sér á veigum frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni í nýju samkomurjóðri í skóginum (Mynd: BJ).

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

RioTinto Alcan

Efnaðmóttakan hf



Barri hf. Skógræktarstöð
Egilsstöðum og Tumastöðum í Fljótshlíð
- www.barri.is

FIT
FÉLAG IÐN- OG
TÆKNIGREINA
www.fit.is



UMHVERFISSTOFNUN



GARÐABÆR
v/garðyrkjustjóra



KNH ehf.
Grænagerði
400 Ísafjörður



RST Net



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

RESTAURANT
Jómfrúin
EKTA
DANSKT SMURRAUÐ
SMÖRREBRÖÐ



Stekkjarbakka 6



**Sveitarfélagið
Ölfus**
Hafnarbergi 1



**SAMBAND
GARÐYRKJUBENDA**
www.gardyrkja.is

Melabúðin
Þín verslun



Snæfellsbær



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

PRICEWATERHOUSECOOPERS



LANDGRÆÐSLA
RÍKISINS

**Skógræktarfélag
Borgarfjarðar**

Brúarlandi 2 - 310 Borgarnesi



NA NORDURÁL
Century ALUMINIUM



SKÓGRÆKTARFÉLAG
MOSFELLSBÆJAR




**TOYOTA
Akureyri**




Skógræktarfélag Reykjavíkur
Ellidavatni - 110 Reykjavík
564-1770 - 893-2655
www.skograekt.is

Barnahornið



Krakkar!

Hjálpð skógarbirninum að rata að jólatrénu.



Fróðleiksmoli:

Á síðasta ári voru heimsendir greiðslu-seðlar Íbúðalánasjóðs u.þ.b. 1.000.000.

Sá fjöldi, seðil við seðil, myndi þekja 303 km vegalengd, t.d. frá höfuðstöðvum Íbúðalánasjóðs í Reykjavík til þjónustuværs sjóðsins á Sauðárkróki.

Önnur rafræn þjónusta:

- Greiðslumat
- Lánsúmsókn
- Þjónustubeiðnir
- Greiðsluferfiðleikaúrræði

Rafræn og vistvæn

Rafrænir seðlar

Frá og með 1. janúar verða allir greiðslu-seðlar Íbúðalánasjóðs rafrænir. Rafrænir seðlar birtast í öllum heimabönkum.

Vilji viðskiptavinir fá heimsendan greiðslu-seðil þarf að óska eftir því í þjónustuveri eða á vefsíðu Íbúðalánasjóðs.

Í þágu umhverfisins

Framlag Íbúðalánasjóðs til umhverfisins er að draga úr pappírnotkun og auka rafræn viðskipti.

Kynntu þér málið:

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900 // 800 6969

*Íbúðalánasjóður hefur felld niður sinn hluta seðilgjaldsins.
Eftir stendur 75 kr. greiðslugjald sem bankar og sparisjóðir
innheimta fyrir greiðslumiðlun.*


Íbúðalánasjóður